

Alþingi - Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 30. október 2014  
Tilvísun: UST20141000176/bs

**Pingsályktunartillaga um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun), 244. mál. Umsögn**

Umhverfisstofnun vísar í erindi nefndarsviðs Alþingis (atvinnuveganefndar) dags. 20. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun), sbr þingskjal 273 - 244. mál. Verkefnisstjórn 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða („rammaáætlun“) leggur til að Hvammsvirkjun verði flutt í nýtingarflokk. Verkefnastjórnin skipaði tímabundinn starfshóp til að fara yfir gögn varðandi virkjanir í neðri Þjórsá. Niðurstaða faghópsins var eftirfarandi. „Faghópurinn taldi að nokkuð skýrt mat lægi fyrir á áhrifum hvers virkjunarkosts um sig á laxfiska með gönguhegðun í Þjórsá og komst að þeirri niðurstöðu að óvissa varðandi áhrif Hvammsvirkjunar á laxfiska hefði minnkað nægjanlega til að réttlætalegt væri að færa virkjunina í nýtingarflokk á nýjan leik. Hins vegar hefði ekki verið dregið nægjanlega úr óvissu hvað varðar Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Faghópurinn gerði greinarmun á þeim svæðum í Þjórsárkerfinu þar sem útbreiðsla göngufiska er náttúruleg og þeim svæðum þar sem útbreiðslan er vegna atbeina mannsins.“ Þessi niðurstaða hvað varðar Hvammsvirkjun er í samræmi við umsögn Umhverfisstofnunar sem send var Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 14. nóvember 2013. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu um að færa Hvammsvirkjun í nýtingarflokk.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur